

Verkefni úr Angurværð nýrrar aldar 1900–1930

Til aðstoðar:

Ljóðgreining – atriði til athugunar
Ekki nægir að tiltaka dæmi, rökstuðningur er nauðsynlegur.

Bygging:

Formið – hrynjandi, ljóðstafir, rím. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið?
Er ákveðinn bragarháttur? Erindafjöldi, línur í erindi.

Stíll:

Sjónarhorn – hver er mælandi ljóðsins?

Málnotkun – flókið/einfalt mál, skróðmælg, auðskiljanlegt.

Myndmál – beinar myndir, líkingar (myndhverfingar, viðlíkingar, persónugervingar, hlutgervingar).

Önnur stílbrögð – endurtekningar, andstæður, þversagnir, ýkjur, úrdráttur, vísanir, tákni o.fl. (sjá bls. 166 í *Tíminn er eins og vatnið*)

Hugblær – hvaða tilfinningum er lýst í kvæðinu?

Túlkun:

Um hvað er skáldið að yrkja? – Rekja efnisþráðinn.

Hvaða viðhorf endurspeglar ljóðið? Hvað vill skáldið segja lesendum sínum?

Leynist ádeila í ljóðinu?

1. verkefni.

Jónas Guðlaugsson (1887–1916)

Æskuást

Hví leitar það hljómdjúpi hörpunnar frá,
sem helst skyldi í þögninni grafið?
Ég kalla þó aldrei þá sól úr sjá,
sem sefur á bak við hafið!

Sakleysið hreint eins og helgilín
var hjúpur fegurðar þinnar,
sem reykelsisilmur var ástin þín
á altari sálar minnar.

Ég er eins og kirkja á öræfa tind,
svo auð sem við hinsta dauða,
þó brosir hin heilaga Maríumynd
þín minning frá veggjum auða.

Þú hvarfst mér og burt ég í fjarska fór,
en fann þig þó hvert sem ég sneri,
sem titrandi óm í auðum kór
og angan úr tómu keru.

Hér hefurðu nýrómantískt ljóð eftir Jónas Guðlaugsson. a. Finndu nýrómantísku einkennin í þessu ljóði (sjá bókmenntasögu) og útskýrðu. b. Finndu fáeinar upplýsingar um skáldið í bókmenntasögum eða á netinu.

2. verkefni.

Hér á eftir er ljóð eftir konu nokkra, Ólöfu frá Hlöðum. Hún taldist einnig til nýrómantísku skáldanna. a. Hvaða starf hafði Ólöf þegar hún var hér í Reykjavík? b. Hvert flutti hún ásamt manni sínum? c. Nefndu eina ljóðabók eftir Ólöfu. d. Hvaða tilfinning blasir strax við þegar ljóðið eftir Ólöfu er lesið?

Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857–1933)

Því geng ég svo alein?

Því geng ég svo alein um náhljóða nótt
og nýt ekki hvíldar sem blundandi drótt
né styðst – eins og aðrar – neins vinarhönd við
sem vonsælar ganga við elskandans hlið? (drótt: fólk)

Mín skylda er að vaka um náhljóða nótt
og njóta ekki hvíldar sem blundandi drótt.
Ég fæ ekki að styðjast míns vinar hönd við
og vil ekki ganga við annarra hlið.

Því hann er svo fjarri sá eini er ég ann.
Mig enginn skal styðja ef ei gerir hann.
Ef skyldan mig kallar ég skal ekki sein
né skeika eða falla þó gangi ég ein.

3. verkefni.

Skóðu eftirfarandi barnagælar:

- a. Við skulum ekki hafa hátt,
hér er margt að ugga.
Ég hef heyrt í alla nátt
andardrátt á glugga. (Þjóðvísa)
- b. Það er margt sem myrkrið veit
minn er hugur þungur.
Oft ég svartan sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur. (Jóhann Sigurjónsson)
- c. Signdu þig nú, barnið mitt
og sofnaðu fljótt,
því bráðum kemur heldimm
hávetrarnótt. (Davíð Stefánsson)
- d. Stundum var í vetur leið
veðrasamt á glugga.
Var ekki eins og væri um skeið
vofa í hverjum skugga?
Fáir vissu að vorið beið
og vorið kemur að hugga. (Halldór Laxness)

Hvað eiga þessar barnagælar sameiginlegt þegar litið er til efnis? Ýtarlegt svar.

4. verkefni.

Allar vildu meyjarnar –

Allar vildu meyjarnar
eiga hann,
en ástina sína
hann aldrei fann.

Hann kyssti fleiri en eina,
hann kyssti fleiri en tvær;
hann kyssti þær allar,
– svo kvaddi hann þær.

Þá sem hann gat elskað
hann aldrei fann,
en allar vildu meyjarnar
eiga hann.

Davíð Stefánsson

Hér er ljóð eftir mann sem einnig byrjar sinn skáldaferil í nýrómantík. a. Finndu um hann upplýsingar, t.d. þekktustu ljóðabækur og leikrit. b. Hvað er hann að segja í þessu ljóði?

5. verkefni.

- a. Hvað er súrrealismi?
- b. Gerðu grein fyrir súrrealisma á tímabili angurværðar nýrrar aldar. Sýndu dæmi frá tímabilinu.

6. verkefni.

Veldu þér tvö atriði til að svara:

- a. Hvað ef – konur hefðu fengið að læra?
- b. Hvað ef – Reykjavík hefði verið stórborg í byrjun aldar?
- c. Settu þig í spor ungs skálds og reyndu að yrkja í anda súrrealisma eða í anda annarra nýjunga ...
- d. Þú ert ungur karlmaður í byrjun nýrrar aldar, þeirrar tuttugustu, og ætlar út í heim. Hvert ferðu og hvernig? Hver fjármagnar? o.s.frv.

7. verkefni.

Alþýðubókin eftir Halldór K. Laxness. Lestu kaflann um þrifnað á Íslandi, 4. pistil (um tannskemmdir og fúlmennsku).

- a. Hvers vegna voru Íslendingar sóðar í byrjun 20. aldar?
- b. Skemmdar tennur og samskipti við hitt kynið ganga ekki upp að mati Laxness. Hvers vegna?

8. verkefni.

Lestu vel allt um Þórberg Þórðarson. a. Hvað má lesa út úr kaflanum úr *Sálminum um blómið* þar sem Sobeggi og lilla Hegga eru að garga? b. Finndu ljóðabók eftir Þórberg (t.d. í Stórbók um hann eða í ljóðasöfnum, fáðu upplýsingar hjá bókavörðum) og veldu þér eitt ljóð eftir karlinn. Rökstyddu val þitt.

9. verkefni.

Dragðu saman fróðleik um ljóðið „Unglingurinn í skóginum“. Höfundur, einkenni, ort undir hvaða stefnu, viðtökur, þitt álit.